



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Suðurnesjum 3. mars 1988

131. fundur skólanefndar FS

Fundur var haldinn í skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja fimmtudaginn 25. febrúar 1988 og hófst hann kl. 17.00 í stofu 212 í bóknámshúsi.

Mættir: Guðmundur Björnsson formaður, Bogi Hallgrímsson, Ólafur Eggertsson, Eggert Ólafsson, Ellert Eiríksson, Guðjón Kristjánsson, Hjalmar Arnason skólameistari, Ingólfur Halldórsson aðstoðarskólameistari, Stefán Jónsson fjármálastjóri og Kristinn Kristjánsson fulltrúi kennara.

Þetta gerðist:

1. Efnahags- og rekstrarreikningur fyrir árið 1987 lagður fram. Fjármálastjóri skýrði einstaka liði. Frekari afgreiðsla á næsta fundi.
2. Fjárhagsáætlun fyrir árið 1988. Fundur með fjárhagsnefnd sveitarfélaga á Suðurnesjum mánudaginn 29. febrúar kl. 17.00. Formaður skólanefndar, skólameistari og fjármálastjóri mæta fyrir skólanefndina.
3. Akstursmál. Bréf hefur borist frá Vilhjálmi Grímssyni sveitarstjóra Vatnsleysustrandarhrepps þar sem óskað er eftir viðræðum um samræmingu á akstri á Vatnsleysuströnd fyrir FS og Stóru-Vogaskóla. Tvær rútur sjá nú um aksturinn, hvor fyrir sinn skólann. Tekið vel í þetta og aðstoðarskólameistara falið að ræða við Vogamenn.
Í framhaldi af þessu varð umræða um aksturmál almennt, meðal annars hvort bjóða ætti út akstur og voru skoðanir skiptar. Einnig hvort hægt væri að koma á meiri hagkvæmni með aukinni samræmingu í akstri FS-nemenda og grunnskólanemenda úr Hafnarhrepp, Gerðahrepp og Miðneshrepp. Aðstoðarskólameistara falið að kanna þetta mál nánar og hafa samband við hlutaðeigandi aðila.
4. Tölvuskóli FS. Fyrstu námskeið með nýjum tölvum eru hafin. Söfnun hefur gengið vel, 15 Victor PC tölvur hafa verið keyptar og tengdar við öfluga móðurtölvu. FS orðinn vel búinn vélbúnaði samanborið við aðra framhaldsskóla. Verið er að semja um kaup á meiri hugbúnaði. Ymsir eru enn að athuga með gjafir en almennt hafa móttökur verið mjög góðar.

Gömlu Apple tölvunum hefur komið fyrir í vélritunarstofu og verður þar aðstaða fyrir nemendur til að vinna heimaverkefni sín á tölvur.

5. Starfsdagar voru 17. til 19. febrúar og þóttu takast vel. Boðið var upp á þriggja daga skíðaferð, fyrirlestra um atvinnulíf á Suðurnesjum og ýmsa skóla (háskólann, sérskóla) og haldið var úti fyrsta útvarpi Suðurnesjanna. Stóð það frá tíu árdegis miðvikudaginn 17. feb. til miðnættis föstudaginn 19. feb. og var nemandi við skólann, Magnús Hlynur Hreiðarsson, útvarpsstjóri. Skólanefnd færði starfsdaganefnd kennara og nemenda og starfsmönnum útvarpsins sérstakar þakkir.

6. Önnur mál:

a) Formaður skólanefndar sagði frá fundi með kennurum skólans sem var haldinn miðvikudaginn 3. febrúar þar sem fram fóru almennar umræður um skólamál, sbr. fundargerð 130. fundar skólanefndar.

b) Skólameistari greindi frá því að ræðulið nemenda í FS væri komið í 3. umferð Morfís keppinnar annað árið í röð og færi næsta keppni fram föstudaginn 26. febrúar í Stapa.

c) Skólanum hafa borist tvær gjafir. - 50. þús. króna gjafabréf frá Tré-X í tilefni 15 ára afmælis til tækjakaupa á iðnbraut tréiðna. Og 100. þús. krónur frá Útvegsmannafélagi Suðurnesja til skipstjórnar- og vélstjórnarbrauta.

d) Tveir skipaðir kennarar við skólann, Sigrún Þorsteinsdóttir enskukennari og Anna Lea Björnsdóttir íþróttakennari, hafa beðið um launalaust leyfi fyrir skólaárið 1988-1989. Samþykkt af hálfu skólanefndar.

e) Akveðið var að auglýsa stöðu aðstoðarskólameistara við FS en núverandi aðstoðarskólameistari, Ingólfur Halldórsson, hefur fengið ársleyfi 1988-1989 eins og fram hefur komið áður.

f) Kennarar við skólann, sem ætla að starfa áfram næsta skólaár, hafa verið beðnir um að skila inn umsóknum.


g) Skólameistari greindi frá hugmyndum um að FS sérhæfi sig í kennslu á iðnbraut netagerðar. Erfiðlega hefur gengið fyrir skóla sem hafa heimild fyrir iðnbrautina að halda henni úti því nemendur eru svo fáir á hverjum stað fyrir sig. Nemendur gætu lokið bóklegu námi í sinni heimabyggð en kæmu síðan og lykju sérgreinum við FS. Skólameistari hefur rætt þetta mál við Guðna Þorsteinsson fiskifræðing, sérfræðing í veiðarfæragerð, og við eigendur Netaverkstæðis Suðurnesja. Guðni kvað endurskoðun á þessum málum í gangi og sagði Vestmannaeyinga hafa haft uppi líkar hugmyndir. Skólameistara falið að halda þessu máli áfram.

h) Verið er að útbúa kynningarbækling um nám við FS og verður honum dreift í grunnskóla á Suðurnesjum. Skólameistari fékk heimild til að ganga frá prentun á bæklingnum og að athuga með styrktarlínur í hann. Fulltrúi Miðneshrepps sem jafnframt er skólastjóri Grunnskólans í


Sandgerði kvað svona kynningarbækling mjög þarfan því grunnskólarnemendur, jafnt yngri sem eldri, spyrðu mikið um nám við FS.

i) Skólameistari hefur fengið boð frá aðstoðarborgarstjóra Pandrup-kommune í Danmörku, ekki langt frá Alaborg, um að skoða skóla sveitarfélagsins í annarri viku mars. Ráðuneytið hefur samþykkt að ferðakostnaður verði færður á rekstrarreikning en danska sveitarfélagið mun sjá um uppihald. Samþykkt af skólanefnd.

Fundi slitið klukkan 18.45, en fundarmenn fóru og skoðuðu hinn nýja tolvubúnað skólans og var námskeið á vegum Tölvuskóla FS í gangi.



Guðmundur Björnsson,
formaður skólanefndar



Kristinn Kristjánsson,
fundarritari